

Fundargerð

1. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 30. mars 2006, kl. 20:00.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Áslaug Ívarsdóttir, Gunnar Sigurðsson, Hörður Sverrisson, Birgir Guðjónsson, Felix Sigurðsson, Stefán Jónasson og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Einar K. Jónsson boðaði forföll. Gestur Guðjónsson og Dóra Gunnarsdóttir voru erlendis.

Arnþór Sigurðsson, formaður setti þennan fyrsta fund nýkjörinnar stjórnar fyrir starfstímabilið 2006-2008 og bauð stjórnarmenn velkomna til starfa fyrir sambandið og sagðist hann vonast eftir góðu samstarfi við stjórnarmenn.

1. Verkaskipting stjórnar.

Formaður lagði fram tillögu um eftirfarandi verkaskiptingu innan stjórnar:

Arnþór Sigurðsson, formaður (kosinn á þingi)

Hörður Sverrisson, varaformaður

Gestur Guðjónsson, gjaldkeri

Áslaug Ívarsdóttir, ritari

Gunnar Sigurðsson, meðstjórnandi

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Kosning fulltrúa á Íþróttaping.

Samþykkt tillaga um að formaður sækji Íþróttaping í lok næsta mánaðar.

Aðrir fulltrúar sem kosnir voru á 55. Frjálsíþróttapingi eru:

Kári Jónsson, Einar K. Jónsson, Sigurður Haraldsson og Þráinn Hafsteinsson.

Varamenn: Áslaug Ívarsdóttir, Egill Eiðsson, Gestur Guðjónsson og Hörður Sverrisson.

3. Staða fjármála.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fjármála FRÍ. Fram kom að sambandið hefur ekki getað staðið í skilum á sl. vikum vegna bágrar lausafjárstöðu og eru útstandandi reikningar sem komnir eru á gjalddaga um 2.6 milljónir í dag.

Fram kom einnig að von er á auknu fjármagni á næstu vikum m.a. frá EAA, IAAF og væntanlega einnig frá styrktaraðilum, en verið er að vinna í að ganga fram samningum við styrktaraðila fyrir árið 2006. Rætt.

4. Önnur mál.

a) Rætt um Merkisberaverkefni FRÍ. Stjórnin var sammála um að mikilvægt væri að halda áfram með verkefnið af fullum krafti. Samþykkt að fá Guðmund Kristinsson til að kynna verkefnið fyrir stjórn á næsta fundi.

b) Birgir ræddi um kostnaðarhlutdeild vegna dómaramámskeiða úti á landi.

Samþykkt að FRÍ greiði fyrir ferðir kennara, en samband/félag fyrir uppihald kennara á staðnum.

c) Rætt um erlend samskipti. Samþykkt að framkvæmdastjóri leggi fram yfirlit yfir helstu verkefni s.s. mót, fundi og þing sem sambandið tekur þátt í erlendis árlega á næsta fundi stjórnar.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 9. apríl kl. 18:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.